

Vegna brotaferils ákærða og með skírskotun til framanritaðs þykir mega ætla, að hann haldi áfram brotum, ef hann er látinn laus, meðan máli hans er ekki lokið. Með vísan til 67. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sérstaklega 4. og 5. lið, þykir nauðsynlegt að úrskurða ákærða í gæsluvarðhald, er telst hæfilega ákveðið allt að 60 dögum frá 23. mars 1976 að telja.

Því úrskurðast:

Ákærði, Oddgeir Guðmundur Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum.

Þriðjudaginn 27. apríl 1976.

Nr. 25/1976. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Svani Hvítaness Halldórssyni

(Ingi R. Helgason hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og prófessor Sigurður Línal.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar tvær verðskrár Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins yfir áfengi. Er sú fyrri frá 20. desember 1972, en sú síðari frá 17. febrúar 1975, og var útsöluverð samkvæmt henni á heilflösku af íslensku brennivíni kr. 1.670.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans um sýknu ákærða af kröfum ákæruvalds samkvæmt a lið ákæru. Staðfesta ber ákvæði héraðs-dóms um refsingu ákærða vegna ólöglegrar áfengissölu, shr.

b lið ákæruskjals, og um greiðslu sakarkostnaðar, þó þannig, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá verður einungis gerður upptækur til ríkissjóðs ólöglegur hagnaður ákærða, 1.830 krónur, af sölu brennivínsflösku þeirrar, er hann seldi og greinir í b lið ákæru, sbr. 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 25.000 krónur.

Lögreglurannsókn út af atferli því, sem ákærða er gefið að sök og greinir í a lið ákæru, hófst í Reykjavík hinn 17. apríl 1973, og lauk henni þar hjá rannsóknarlögreglu 7. júní s. á. Hinn 14. júní 1973 sendi sakadómur Reykjavíkur ríkissaksóknara til ákvörðunar lögregluskýrslur og rannsóknar-lögregluskýrslur um atferli þetta. Með bréfi 19. september s. á. sendursendi ríkissaksóknari sakadómi Reykjavíkur gögn þessi og krafðist þess, að málið yrði rannsakað fyrir dómi. Sú dómsrannsókn hófst ekki fyrr en 11. febrúar 1975, eða tæpum 17 mánuðum síðar, og lauk þann sama dag. Þennan drátt á rannsókn málsins ber að átelja.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Svans Hvítaness Halldórssonar, og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja.

Ólöglegur hagnaður, 1.830 krónur, á að vera upptækur ríkissjóði til handa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 13. október 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 9. okt. sl., er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru ríkissaksóknara, dags. 28. ágúst sl., „á hendur Svani Hvítaness Halldórssyni, leigubifreiðarstjóra, Melaheiði 3, Kópavogi, fæddum 1. mars 1935 í Reykjavík, fyrir áfengislagabrot: a. Með því að hafa, aðfaranótt þriðjudagsins 17. apríl 1973, haft meðferðis í leigubifreiðinni Y 146, sem ákærði ekur frá Hreyfli í Reykjavík, tvær flöskur af áfengi, merktar Aquavitae, sem telja verður, að ákærði hafi ætlað til sölu, en áfengið fannst við leit í bifreiðinni, í hanskahólfi hennar, eftir að lögreglumenn höfðu stöðvað bifreiðina á gatnamótum Laugavegar og Nóatúns.

Telst þetta varða við 4. mgr., sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

b. Með því að fara, aðfaranótt laugardagsins 1. mars 1975, er ákærði var í leiguakstri á áðurgreindri bifreið, að Hagamel 45 í Reykjavík og selja í því húsi eina flösku af áfengi, íslensku brennivísi, fyrir kr. 3.500.

Telst þetta varða við 18. gr., sbr. 39. gr. áfengislaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á áfengi því, sem greint er undir a., og söluandvirði greindu undir b., sbr. 2. mgr. i. f. 42. gr. áfengislaga og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málsatvik eru þessi:

a) Er Sigurður Bjarnason, lögreglumaður nr. 105, og lögreglumaður nr. 55 voru í eftirlitsferð á Rauðarárstíg við Njálsgötu þriðjudaginn 17. apríl 1973, kl. 0355, veittu þeir athygli leigubifreiðinni Y 146 frá Hreyfli, sem ekið var norður Rauðarárstíg og austur Laugaveg.

Vegna orðröms, sem hafði borist frá starfsbræðrum ökumanns Y 146, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, um, að hann seldi áfengi jafnframt leiguakstrinum, veittu þeir bifreiðinni eftirför og stöðvuðu aksturinn við gatnamót Laugavegar og Nóatúns. Ákærði var fús til að fylgja þeim á lögreglustöðina við Hverfisgötu og þar fyrir varðstjórann Hilmar Þorbjörnsson. Aðspurður af honum kvað ákærði velkomið, að leit yrði framkvæmd í bifreið hans, en nefndi ekki, að þar ætti að vera áfengi.

Leit var framkvæmd í bifreið ákærða, og fundust í hanska-

hólfi hennar tvær flöskur, merktar Aquavitae, innpakkaðar í plastpoka, en vafðar inn í bónklúta utan um pokana.

Aðspurður af aðalvarðstjóra kvaðst ákærði í fyrstu hafa keypt áfengisflöskurnar í áfengisversluninni við Snorrabraut, eftir hádegi daginn áður, og hefðu þær legið nokkra stund í framsæti bifreiðar hans, eða þar til hann hefði losað tappa þeirra og rofið innsiglin til öryggis og síðan búið um þær í hanskahólfinu. Síðan breytti ákærði framburðinum og kvaðst ekki geta munað, hvenær hann hefði rofið innsiglin.

Ákærði kvað engan hafa snert á flöskunum nema afgreiðslumann ÁTVR og sjálfan sig. Voru því flöskurnar óhreyfðar í plastpokanum, ef taka þyrfti fingraför af þeim.

Kl. 0422 sama dag skýrði ákærði svo frá hjá lögreglunni, að hann hefði keypt tvær flöskur af áfengi, Aquavitae, eftir hádegið daginn áður og búið um þær í hanskahólfi bifreiðar sinnar. Hann kvaðst hafa verið nývaknaður og farið aðeins eina ökuferð, er hann var stöðvaður. Kvaðst hafa verið sendur frá Hlemmtorgi að Drápuhlíð 38 og farið þaðan með ungling að Laugarásvegi 1.

Þegar lögreglan stöðvaði ákærða, kvaðst hann hafa verið á leiðinni til kunningja síns, Hilmars Ásgeirssonar, Dvergabakka 32, til þess að sækja hann, því þeir ætluðu að Svignaskarði í Borgarfirði. Þar átti hann graðhest, sem hann ætlaði að sýna Hilmar, og var honum áfengið ætlað, því að hann (þ. e. ákærði) drykki ekki.

Ákærði kvað lögreglumennina geta fengið þetta staðfest hjá stöð Hreyfils, því að hann hafi beðið hana að hringja á Geitháls og aðgæta, hvort Hilmar væri þar. Svo reyndist vera, og hittust þeir á Hlemmtorgi. Hilmar var á leiðinni heim til sín til að skila bifreið sinni, og var ákærði að sækja hann þangað.

Ákærði neitaði algerlega, að hann hafi verið búinn að selja eða hafa ætlað að selja það áfengi, sem fannst í bifreið hans við leit.

Þá gat ákærði þess, að til hafi staðið að veita af áfenginu bóndænum á Svignaskarði, Skúla Kristjónssyni.

Daginn eftir mætti ákærði hjá rannsóknarlögreglunni og kom frá fangageymslu lögreglunnar og skýrði svo frá, að honum hafi ekki verið tjáð ástæðan fyrir handtökunni, sem átti sér stað um kl. 0400 nóttina áður. Lögreglan, sem að handtökunni stóð, sagði honum, að Hilmar Þorbjörnsson varðstjóri þyrfti að hafa tal af honum, en greindi ekki frá til hvers. Á lögreglustöðinni kvaðst ákærði hafa veitt fúslega leyfi til leitar í bifreið hans, enda hafi hann ekkert haft þar að fela. Hann hafi ekkert verður spurður

um hvort áfengi væri í bifreið hans eða ekki, en hins vegar hafi hann sagt Hilmar frá því, þegar lögreglumennirnir fóru út til leitar.

Að öðru leyti var framburður ákærða í samræmi við áður gefna skýrslu hjá lögreglu.

Hinn 11. febrúar 1975 skýrði ákærði m. a. svo frá í sakadómi Reykjavíkur, að umrætt áfengi hefði ekki verið ætlað til sölu né heldur hafi það verið ætlað til eigin neyslu. Hann hafi ætlað að veita það Hilmar Ásgeirssyni og Skúla bónda á Svignaskarði, en hann og Hilmar hafi verið búnir að ræða um að fara til bóndans einhvern tíma, þegar lítið væri að gera. Ákærði kvaðst síðan hafa náð sambandi við Hilmar umrædda nótt og þeir ákveðið að fara þá strax um nóttina að Svignaskarði.

Síðan hafi ákærði verið á leið heim til Hilmars Ásgeirssonar, er lögreglumenn handtóku hann.

Samkvæmt gögnum málsins gaf vitnið Hilmar Sigurður Ásgeirsson skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík hinn 17. apríl 1973, að því er virðist án þess að ákærða gæfist kostur á að tala við hann áður.

Vitnið skýrði frá eftirfarandi:

„Ég ek leigubifreið frá bifreiðastöðinni Hreyfli eins og kunningi minn Svanur Halldórsson. Við eigum báðir hesta að Svignaskarði í Borgarfirði, og höfum við yfirleitt haft þann sið að fara þangað í heimsókn á vetrum. Í gær kom okkur saman um að fara einhvern næstu daga þangað upp eftir, og í nótt, er ég var staddur í veitingaskálanum að Geithálsi, var hringt frá bifreiðastöðinni og ég beðinn um að hafa samband við Svan á Hlemmtorgi. Þangað fór ég og hitti Svan, og ákváðum við að fara í Borgarfjörðinn nú með morgninum, enda virtist ekki vera mikið að gera í akstrinum. Ég ók svo áleiðis heim til mín, og ætlaði Svanur að koma þangað á eftir mér, en hann kom ekki, og fór ég þá að aka aftur. Síðan frétti ég, að Svanur myndi hafa verið handtekinn.

Áfengi það, sem mér er tjáð, að fundist hafi í bifreið Svans, var ætlað mér til drykkju svo og bóndanum að Svignaskarði. Ég átti beinlínis ekki þetta áfengi, en þegar við Svanur töluðum um það í gær að fara að Svignaskarði mjög bráðlega og þá jafnvel í dag, þá varð það að samkomulagi okkar á milli, að hann sæi um að kaupa fyrir mig áfengi og eins til þess að veita bóndanum, enda var ætlunin að fara á bifreið Svans og því heppilegra á allan hátt, að hann hefði áfengið undir höndum. Það var rétt eftir hádegisíð í gær, sem við Svanur vorum að ræða þessa Borgarfjarðar-

ferð, og má segja, að það hafi verið Svanur, sem átti að ráða því nánar, á hvaða tíma farið yrði“.

Skýrslu þessa staðfesti vitnið með drengskaparheiti í sakadómi Reykjavíkur hinn 11. febrúar sl.

Niðurstaða.

Eins og minnst hefur verið á hér að framan, virðist vera ljóst af gögnum málsins, að vitnið Hilmar S. Ásgeirsson hafi gefið skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglunni, áður en ákærði gat átt þess kost að ræða við hann, þar sem honum var haldið í gæslu hjá lögreglu.

Þykir því ákærði hafa fært sterkar líkur fyrir því, að umrætt áfengi hafi ekki verið ætlað til sölu, sbr. 19. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Í vörn sinni benti verjandi ákærða á, að sönnunarbyrðinni hér væri snúið við af hálfu leyti og með vísun til samhljóða framburða ákærða og vitnis væru leiddar mjög sterkar líkur að því, að ákærði hafi ekki ætlað umrætt áfengi til sölu.

Með hliðsjón af þessu skal ákærði vera sýkn af kröfum ákærvalds varðandi fyrri lið ákæruskjals, þ. e. að hafa brotið gegn 4. mgr., sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. 42. greinar áfengislaga nr. 82/1969, umrætt sinn.

b) Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavíki dags. 1. mars sl., voru Sigurður Bjarnason, lögreglumaður nr. 97, Hilmar Þorbjörnsson varðstjóri og lögreglumaður nr. 96 staddir við Hagamel 45 laugardaginn 1. mars 1975, kl. 0350. Veittu þeir þá athygli leigubifreiðinni Y 146 frá Hreyfli, sem ók að húsinu og stöðvaði. Skömmu síðar kom maður niður í anddyri hússins og benti ökumanni að koma inn með handahreyfingu. Ökumaður Y 146, sem var ákærði í máli þessu, virtist skilja bendinguna, og sáu lögreglumennirnir hann taka einhvern hlut og hagræða í buxna-streng sínum. Hann hafi farið síðan inn í forstofu hússins með fyrrnefndan hlut, sem innpakkaður var í pappírspoka og virtist vera áfengisflaska. Ákærða dvaldist nokkra stund inni í forstofunni, og töldu lögreglumennirnir hann vera að selja áfengisflöskuna. Síðan kom hann út og settist inn í bifreið sína og ók af stað, en þá var lögreglumaður nr. 96 kominn fram fyrir bifreiðina og gaf henni stöðvunarmerki og kynnti sig jafnframt sem lögreglumann og kvaðst vilja ræða við ökumann.

Ákærði hafi þá svarað „jæja þá“ og ekið mjög hratt og óvarlega af stað. Lögreglumennirnir hófu þegar eftirför á eftir Y 146, en hættu henni þó strax aftur, er þeir sáu, hvernig Y 146 var

ekið og til að fyrirbyggja hættu, sem eftirför gæti haft í för með sér.

Fyrirnefndan poka, sem ákærði hafði með sér inn í húsið, hafði hann ekki meðferðis, er hann kom þaðan út.

Lögreglumennirnir höfðu síðan samband við fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og létu lýsa eftir bifreiðinni Y 146. Jafnframt fóru þeir að stöð Hreyfils við Fellsmúla og höfðu tal af starfsstúlkum stöðvarinnar. Lofuðu þær að koma þeim skilaboðum til ákærða, að hann færi á lögreglustöðina og ræddi við Hilmar Þorbjörnsson. Þrátt fyrir leit um nóttina og morguninn fannst ákærði ekki.

Hinn 24. mars sl. skýrði vitnið Hilmar Þorbjörnsson svo frá fyrir rétti, að umrætt sinn hafi það verið í ómerktri lögreglubifreið við fjölbýlishúsið Hagamel 41—45 ásamt lögreglumönnum Sigurði Bjarnasyni og Edvard Skúlasyni. Bifreiðin var staðsett hér um bil á móts við innganginn í stigahúsið nr. 45, og taldi vitnið, að 40—45 metrar hafi verið á milli bifreiðarinnar og inngangsins.

Vitnið kveðst hafa heyrt í gegnum talstöðina í nefndri bifreið, að leigubifreiðin nr. 146 var pöntuð af öðrum leigubifreiðarstjóra, er staddur var við BSÍ. Þessi leigubifreið var pöntuð í gegnum fjarskipamiðstöð Hreyfils og ökumaður beðinn að fara að Hagamel 45. Símaástúlka hjá Hreyfli tilkynnti, að bifreiðin nr. 146 væri í akstri, en kæmi að Hagamel, strax og honum lyki.

Eftir um það bil 30—40 mínútur kom leigubifreiðin nr. 146 að Hagamel 45, og ók henni ákærði, en vitnið kvaðst þekkja hann í sjón. Ákærði ók í átt að bifreið vitnisins, sneri við og lagði gegnt innganginum í stigahúsið nr. 45. Bifreiðarstjóri leigubifreiðarinnar sneri þá að bifreið vitnisins.

Ákærði steig úr bifreið sinni og var með pappírspoka í annarri hendi. Í honum virtist vera áfengisflaska. Þessum poka stakk ákærði í buxnastrenginn og fór inn í anddyrið í stigahúsinu nr. 45 eftir bendingu „kaupandans“, sem vitnið kvaðst þekkja í sjón. Er ákærði kom út aftur, kvaðst vitnið ekki hafa séð hann hafa pappírspokann meðferðis.

Aðspurt kvað vitnið ákærða þekkja þá þrjá, sem stóðu að aðgerðum þessum, og hann hafi vitað, að þeir voru lögreglumenn.

Vitnið Edvard Skúlason lögreglumaður skýrði m. a. svo frá sama dag, að það hafi séð ákærða, sem það þekkir í sjón, stíga út úr bifreið sinni umrætt sinn með pappírspoka í hendinni, og taldi vitnið, að í þessum poka hafi verið áfengisflaska. Ákærði hafi verið innan við fimm mínútur inni í anddyrinu.

Þegar ákærði kom út, settist hann undir stýri bifreiðar sinnar og ók af stað. Vitnið reyndi að stöðva hann, en hann sinnti því ekki.

Framburður vitnisins Sigurðar Bjarnasonar lögreglumanns var samhljóða framburði hinna vitnanna. Ákærði hafi haft pappírspoka í hendinni, er hann steig út úr bifreið sinni umrætt sinn, og í honum hafi virst vera áfengisflaska. Vitnið kvað ákærða hafa verið inni í stigahúsinu í 2—3 mínútur. Eftir að ákærði var kominn inn í anddyrið, stigu lögreglumennirnir út úr bifreið sinni.

Þá kvað vitnið Edvard Skúlason hafa reynt að stöðva bifreið ákærða, en hann hafi ekki sinnt því. Edvard hafi gefið ákærða ótvírætt stöðvunarmerki með vasaljósi, sem var með rauðu framstykki, en lögreglan notaði eingöngu slík ljós.

Kaupandi áfengisins skýrði svo frá hjá lögreglunni laugardaginn 1. mars 1975, kl. 2220, að hann hafi verið heima hjá sér að Hagamel 45 ásamt kunningja sínum sl. nótt. Um kl. 0315 kom þeim til hugar að verða sér úti um áfengi. Kaupandinn kvaðst þá hafa hringt á bifreiðastöð Hreyfils og pantað bifreið að Hagamel 45. Síðan óku þeir með þeirri bifreið að Hlemmtorgi. Fóru þar úr henni og tóku aðra bifreið, sem beið á stæði Hreyfils. Hvorugur þessara ökumanna átti áfengi. Kunningjarnir óku í seinni bifreiðinni aftur heim að Hagamel og spurðu ökumanninn, hvort hann gæti útvegað þeim áfengi hjá öðrum. Hann neitaði því í fyrstu, en eftir að þeir höfðu komið við í nætursölu BSÍ og verslað þar, kallaði hann á leigubifreiðarstjóra, sem hefur kallnúmerið 146 á Hreyfli, um talstöð bifreiðar sinnar.

Hann bað nr. 146 að koma að Hagamel 45 og kvaðst 146 koma þangað. Kunningjarnir óku síðan heim og biðu talsverðan tíma, án þess að nr. 146 kæmi. Þá hringdi kaupandinn á Hreyfil og spurði, hvort nr. 146 væri ekki á leiðinni að Hagamel 45. Stúlkan, sem svaraði í símann, kvað svo vera. Um fimm mínútum síðar kom ljós leigubifreið, sennilega af gerðinni Datsun, og stöðvaði framan við húsið. Kaupandinn fór þá niður í anddyri, og ökumaður leigubifreiðarinnar kom inn í gang. Hann var klæddur í leðurjakka, rúmlega meðalmaður á hæð, þrekinn og líklega tæplega fertugur. Hann hafði meðferðis eina flösku af brennivíni, innpakkaða í brúnan bréfpoka, sem hann rétti kaupandanum, og sagði, að flaskan kostaði þrjú þúsund og fimm hundruð krónur. Kaupandinn borgaði í peningum, og síðan fór leigubifreiðarstjórinn út í bifreið sína og ók af stað. Kaupandinn fór upp í íbúð sína

á þriðju hæð, þar sem hann og kunningi hans drukku megnið úr flöskunni.

Hinn 17. apríl sl. gaf kaupandinn, eiðfestur, skýrslu fyrir rétti, og var framburður hans í samræmi við áður gefna skýrslu hjá lögreglu.

Umrætt sinn kvaðst vitnið hafa fylgst með, er ákærða bar að garði. Fór það niður í anddyrið, en félagi þess beið uppi í íbúðinni. Um leið kom ákærði inn í anddyrið. Hann hafði meðferðis eina flösku af íslensku brennivíni og hafði hana innanklæða, en ekki mundi vitnið, hvort flaskan var án umbúða eða ekki. Vitnið greiddi fyrir flöskuna kr. 3.500 í reiðufé, og tóku viðskiptin skamma stund.

Að lokum kvaðst vitnið alls ekki þekkja þennan leigubifreiðarstjóra og ekki hafa orðið vart við afskipti lögreglunnar af honum fyrir utan umrætt sinn.

Sama dag mætti félagi kaupandans fyrir rétti, og var framburður hans í samræmi við það, sem fram er komið í málinu. Þó kvaðst þetta vitni muna eftir, að bifreiðarstjórinn, sem ók þeim frá BSÍ, hafi náð beinu sambandi við leigubifreiðina nr. 146 og beðið hann (sic) að fara að Hagamel 45. Hafi hann samþykkt það. Er þessi bifreiðarstjóri kom, fór kaupandinn einn niður í anddyri og keypti af honum eina flösku af íslensku brennivíni á kr. 3.500, og borgaði vitnið helming af þessari fjárhæð.

Mánudaginn 3. mars sl. skýrði ákærði svo frá hjá lögreglu, að hann hafi verið við leiguakstur föstudaginn 28. febrúar og aðfaranótt laugardags á bifreið sinni, sem hefur kallnúmerið 146, það hafi verið á tímabilinu frá klukkan 0200 til 0400, sem kallað var til hans um fjarskipti Hreyfils og hann beðinn um að koma að Hagamel 45. Hann kvaðst hafa sagt stúlkunni, að hann væri upptekinn, en mundi fara, er hann væri laus. Hann minnst þess ekki, að þessi skilaboð hafi komið frá öðrum bifreiðarstjóra. Ekki mundi hann, hvað klukkan var, þegar hann kom að Hagamel 45. Hann lagði bifreið sinni fyrir utan dyrnar, og er hann kom að dyrum hússins, opnaði fyrir honum maður, sem hann kannaðist ekki við. Hann gekk með þessum manni niður í kjallaraganginn, og þar spurði hann ákærða, hvort hann gæti útvegað sér eina flösku af áfengi. Ákærði kvaðst ekki geta það, og greiddi þá maðurinn honum kr. 700 fyrir ómakið.

Þá gat ákærði þess, að ástæðan fyrir því, að hann fór að Hagamel 45, hafi verið meðal annars sú, að hann átti von á því að hitta

þar kunningja sinn, sem hann nafngreindi, en hann hafi lofað honum akstri, ef þannig stæði á hjá honum.

Ákærði neitaði því að hafa farið með áfengi inn í húsið og selt greindum manni það. Neitaði hann að hafa haft á sér brúnan poka innan klæða, þegar hann fór inn í áðurgreint hús. Ákærði kannaðist við, að einhver hafi kallað til hans, er hann ók af stað frá húsinu, en hann svaraði annað hvort nei eða eitthvað annað. Síðan ók hann af stað, og taldi hann, að hann hafi gert það án þess að valda manninum hættu. Kvaðst ekki hafa haft hugmynd um, að þetta var lögreglumaður. Aðra sá hann ekki þarna á staðnum. Þá kvaðst ákærði hafa ekið af stað frá húsinu svona í léttara lagi, en þó taldi hann ekki, að um ógætilegan akstur hafi verið að ræða.

Ástæðan fyrir því, að ákærði hafði ekki samband við Hilmar Þorbjörnsson umræddan morgun, var sú, að hann ætlaði að fara að sofa. Átti annasaman dag fyrir höndum.

Hinn 28. apríl sl. gaf ákærði skýrslu fyrir rétti og skýrði m. a. svo frá, að hann hafi ekki vitað, hver hefði beðið um, að hann færi að Hagamel 45. Hann hafi talið, að kunningi hans hafi beðið um það, en móðir hans (þ. e. kunningjans) búi að Hagamel 45.

Þá mótmælti ákærði alfarið að hafa haft í fórum sínum umrætt sinn áfengisflösku eða pappírspoka og kannaðist ekki við, að maður hafi staðið fyrir framan bifreið hans og gefið honum stöðvunarmerki með ljósi. Hins vegar mundi ákærði, að maður hafi staðið til hliðar við bifreið hans og kallað eitthvað til hans.

Er framburður kaupandans var kynntur ákærða, kannaðist hann ekki við að hafa fengið kall frá öðrum leigubifreiðarstjóra greinda nótt og hann beðinn að fara að Hagamel 45. Þá mótmælti hann þeim framburði kaupandans, að hann hafi selt honum áfengisflösku. Taldi kaupandann „misminna í þessu efni“.

Að öðru leyti var framburður samhljóða skýrslunni, sem hann gaf hjá lögreglu.

Niðurstaða.

Með skírskotun til hins framanskráða og gagna málsins þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi að hafa selt eina flösku af áfengi, íslensku brennivíni, fyrir kr. 3.500 í húsi að Hagamel 45 í Reykjavík aðfaranótt laugardagsins 1. mars 1975, er ákærði var í leiguakstri á bifreiðinni Y 146, sem hann ekur frá Hreyfli í Reykjavík, sbr. b lið ákæruskjals, dskj. nr. 2.

Þykir framburður ákærða um hið gagnstæða ekki haggja þeirri niðurstöðu.

Hinn 9. október sl. var munnlegur málflutningur, og gerði verjandi ákærða þær dómkröfur aðallega, að ákærði yrði sýknaður af báðum liðum ákæruskjals, en til vara, að hann hlyti þá vægustu refsingu, sem lög heimiluðu og að málskostnaður yrði felldur niður, en honum tildæmd hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins. Þá reifaði verjandi málið af hálfu skjólstæðings síns og lýsti málavöxtum. Verjandi færði lagarök að sýknukröfu sinni og ræddi sönnunatriði málsins. Varðandi varakröfu sína vísaði verjandi til 74. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingu sem hér segir:

- 1951 18/1 í Reykjavík: Dómur: 20 daga varðhald, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 1952 27/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.
- 1953 3/2 í Reykjavík: Sátt, 60 kr. sekt fyrir brot á umferðar- og bifreiðalögum.
- 1953 1/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
- 1955 2/2 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga og 46. gr. lögreglusamþykktar.
- 1956 5/10 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 26., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.
- 1957 22/6 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 26. og 27. gr. bifreiðalaga.
- 1957 23/8 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.
- 1957 17/10 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga og 27. gr. bifreiðalaga og 46. gr. lögreglusamþykktar.
- 1959 20/5 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ökuhraða.
- 1960 23/11 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir umferðarslys.
- 1961 20/1 í Reykjavík: Sátt, 7.100 kr. sekt fyrir brot á 18. og 19. gr. áfengislaga.
- 1961 21/7 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1961 29/9 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1962 22/6 í Kópavogi: Áminning fyrir brot á 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga.
- 1963 30/5 í Kópavogi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

- 1963 30/5 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
 1963 4/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir tollagabrot.
 1963 7/11 í Kópavogi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 49. gr. umferðarlaga.
 1966 7/6 í Kópavogi: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
 1966 29/9 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 49. og 50 gr. umferðarlaga.
 1967 26/6 í Kópavogi: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
 1967 31/8 í Kópavogi: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á reglum um stöðumæla og 6. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
 1967 31/10 í Kópavogi: Dómur: Sýknaður af ákæru um meint brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 45. gr. umferðarlaga.
 1969 5/5 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

Þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega ákveðin sekt kr. 8.000 til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 4 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, sbr. 39. gr. áfengislaga.

Samkvæmt 1. mgr., 3. tl., 69. greinar alm. hegningarlaga nr. 19/1940 skal gert upptækt til ríkissjóðs söluandvirði greindrar áfengisflösku, sem var kr. 3.500.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 15.000.

Sigurberg Guðjónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Svanur Hvítaness Halldórsson, greiði kr. 8.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal þola upptöku á kr. 3.500 til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar lögmanns, kr. 15.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.